

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Patrekshrepps.

Tafla I. — Orku- og aflverð, fastagjöld og mælaleigur.

Númer gjaldskrárl.	Heiti gjaldskrárliða með skýringum	Orkuverð kr/kWst.	Fastar greiðslur í kr.		Mælal.
			Daggreiðslur	Ársgreiðslur	
	A — LÝSING				
1.1.	Án fastagjalds	40,00			
1.2.	Með fastagjaldi	22,00	0,45/m ²	165	01
1.3.	Götu og hafnarlýsing	8,00			
	B — HEIMILI				
2.1.	Með fastagjaldi	11,00	3,30/herbergi	1 205	01
	C — IÐNAÐUR OG VERSLUN				
3.1.	Smávélar	22,00			02
3.2.	Stórnotkun	3,50	27,50/kW	10 038	04
	D — HITUN		Með taxa B 2.1		
4.1.	Án rofs	9,00	1 herbergi 16,50	6 022,50	01
4.2.	Með rofi 1 kl/á dag	5,00	2 herbergi 33,00	12 045,00	
4.3.	Með rofi 3 kl/á dag	2,65	3 herbergi 49,50	18 067,50	til
4.4.	Með rofi 14 kl/á dag	1,30	4 herbergi 66,00	24 090,00	03
			5 og fleiri 82,50	30 112,50	
	F — ANNAÐ				
5.1.	Sérsamningar				
5.2.	Lokun húsveitna og enduropnun		660 á reikning og eða útsendingu lokunarm.		
	MÆLALEIGUR		Daggreiðslur	Ársgreiðslur	
01	Einfasa almenn án stjórn.		3,25/mælingu	1 186,25	
02	Einfasa með stjórn. og þrífasa án stjórn.		5,45/mælingu	1 990,00	
03	Þriggja fasa m/stjórn.		9,05/mælingu	3 303,00	
04	Þriggja fasa m/aflmæli		18,10/mælingu	6 606,50	

Upplýsingar og ýmis ákvæði.

1. Mælieiningar raforku eru kílóvattstundir (kWst) og kílóvött (kW). Þó er heimilt að miða mælingu við voltamper (VA) ef raunstuðull á mælistað verður lægri en 0,8.
2. Ef ekki eru tölur á að mæla notað afl, má miða aflúttak við 80% af uppsettu afli.
3. Auk fyrrnefndra mælieininga er reiknað fast lágmarksgjald, er miðast við stærð húsnæðis. Í íbúðarhúsnæði miðast gjaldið við fjölda herbergja, en fermetra-fjölda í öðru húsnæði, þar sem það á við.

4. Notkun eftir gjaldskrárliðum A-1.2 og C-3.1 má mæla með sama mæli og einnig notkun B-2.1 og D- 4.1 til 4.3.
5. Rafveitunni er heimilt að áætla notkun notanda í samræmi við meðalnotkun hans og innheimta greiðslur samkvæmt þeirri áætlun.
6. Ef reikningur samkvæmt gjaldskrá er ekki greiddur 15 dögum eftir útsendingu er rafveitustjóra heimilt að innheimta vexti af skuldinni. Vextir reiknast mánaðarlega og miðast við yfirdráttarvexti á almennum hlaupareikningi.
7. Tengigjöld greiðast þegar tengingu er lokið.
8. Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd, svo til lokunar hafi komið, eða lokunarmaður sendur út, skal taka gjald samkvæmt lið 5.2 í töflu I, á hverja innheimtu og eða útsendingu lokunarmanns, sem krafín er. Ef óskað er eftir opnun utan venjulegs dagvinnutíma, skal gjaldið vera tvöfalt. Lokunarmaður tekur ekki við greiðslu.
9. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust og eigi opnuð aftur fyrr en úr hefur verið bætt og notandinn hefur greitt gjald samkvæmt 5.2 í töflu I á skrifstofu rafveitunnar.
10. Raforkusala til hitunar er háð flutningsgetu kerfisins að dómi rafveitustjóra fyrimælum hans um tengingu og búnað hitunartækja, svo sem að notandi kosti segulrofa fyrir hitalagnir. Rafmagnsofnar og önnur hitatæki skulu vera fasttengd. Rafveitustjóri ákveður stillingu á rofaklukkum.
11. Tenging við veitukerfið.

Í samræmi við umsókn, ákveður rafveitustjóri stærð, gerð og búnað tengingar (heimtaugar) eða spennistöðvar. Stofngjöld tenginga samkvæmt töflu II miðast við 3ja fasa jarðlinutengingu og notkunarstaði á skipulögðum svæðum, og að umsækjandi hafi fengið byggingarleyfi án kvaða. Rafveitunni skal sent afrit eða ljósrít af byggingarleyfum.

Ef lengd heimtaugar fer yfir 15 metra, reiknast yfirlengdargjald samkvæmt töflu II. Er þá mælt frá stofnvari notanda eftir greiðfærri leið, að lóðarmörkum við götu eða öðrum hliðstæðum aðstæðum.

Bráðabirgðatenging, breyting á tengingu, viðbótartenging eða aukning á flutningsgetu tengingar og tenging utan skipulagðra svæða, greiðist samkvæmt útlögðum kostnaði.

Tenging um loftlínu skal vera 20% ódýrari en greint er í töflu II. Ef loftlínu er breytt í jarðlínuheimtaug, skal greitt fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnum kostnaði hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breyting fer fram.

Ef setja þarf spennistöð, sem að mestu leyti er í þágu eins notanda, skal hann leggja til lóð og húsnæði fyrir stöðina, sem fullnægir settum reglum um gerð og frágang spennistöðva, rafveitunni að kostnaðarlausu.

Þegar um er að ræða tengingu á nýjum húsum, ber væntanlegum notanda að fá samþykki rafveitunnar fyrir staðsetningu og fyrirkomulagi tengingarinnar (heimtaugarinnar), áður en byggingarframkvæmdir hefjast. Ef svo er ekki gert, er rafveitunni heimilt að krefja notanda um greiðslu á sannanlegum aukakostnaði sem hún hefur lagt í vegna þessa, auk heimtaugargjaldsins. Séu aðstæður að einhverju leyti óvenjulegar, er varða tengingu við veitukerfið, er heimilt að krefjast aukagjalds.

Rafveitunni er ekki skylt að leggja heimtaug á tímabilinu frá 1. nóv. til 1. maí nema ef notandi samþykkir að greiða þann umframkostnað sem af frosti í jörð kann að leiða.

Tafla II. Tenging við veitukerfið — heimtaugagjöld.

Málstraumur stofnvara- spenna	Stofngjöld tenginga eða heimtauga	Yfirlengdargjald eða kostn. kr/m.
63 amper 220/380 volt	kr. 53 350.00	2 090.00
100 — 220/380 —	— 84 150.00	2 420.00
125 — 220/380 —	— 105 050.00	2 642.00
200 — 220/380 —	— 165 000.00	3 630.00
300 — 220/380 —	— 236 500.00	4 400.00

Tenging með meiri flutningsgetu eða annarri spennu, greiðist samkvæmt kostnaði.

Skýringar með töflu I.

- 1.1 Lýsing án fastagjalda. Taxti fyrir alla notkun, sem ekki er seld undir öðrum liðum í þessari gjaldskrá.
- 1.2 Lýsing með fastagjaldi af stærð húsnæðis. Taxtinn aðallega ætlaður fyrir verslanir, vinnustofur, skrifstofur og þ. h. staði. Tveir fermetrar jafngilda einum í göngum, geymslum og þvílíkum stöðum. Eftir þessum gjaldskrárlíð má selja rafmagn til notkunar á vinnustöðum meðan á byggingu stendur, án fastagjalds.
- 2.1 Heimili. Fastagjaldið miðast við stofur, hol, svefnherbergi og eldhús, 5—25 m², ef herbergi eru minni, reiknast hálft gjald, en ef stærri tvöfalt. Ef um smá atvinnurekstur er að ræða, er fær raforku um heimilismælinn, þá reiknast þar tvöfalt fastagjald samkvæmt lið 1.2 og eftir sömu reglum.
- 3.1 Iðnaður og verslun. Fyrir litlar vélar og tæki í verslun og iðnaði. Þegar rafmagn til ljósa (taxti 1.2) er mælt með sama mæli, reiknast fast gjald af m² gólf-flatar samkvæmt þeim taxta.
- 3.2 Afl og orkumæling. Gjaldstofn fastagjalds er aflúttak í kílówöttum. Ársafl reiknast hæsta meðalafl mælt í 15 mínútur. Ársafl reiknast aldrei lægra en 3 kW þegar um hreina vélanotkun er að ræða, en lágmark 10 kW ef raforka til ljósa er seld um sama mæli. Reiknast þá til viðbótar fastagjald samkvæmt lið 1.2 þar sem lýsing er. Heimilt er að takmarka aflúttak samkvæmt þessum lið í allt að 2 klst. á dag á mestu álagstímum.
- 4.1 Hitun með 3ja klst. rofi. Heimilt er að selja órofna heimilisnotkun (B-2.1) um sama mæli og D-4.3, reiknast þá til viðbótar taxtanum 4.3, fastagjald samkvæmt taxta B-2.1, margfaldað með tölunni 5.
- 5.1 Sérsmáningar. Ef sérstaklega stendur á, getur notandi leitað eftir sérstökum samningi um raforkukaup. Rafveitustióra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi rafveitunnar án mælis um stundarsakir, að því tilskildu, að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.

Sveitarstjórn ákveður greiðslu fyrir gatna- og hafnarlýsingu, að fengnu áliti rafveitustjórnar. Einnig greiðslu fyrir stofn og viðhaldskostnað götulýsingar.

Ýmis gjöld.

Söluskattur, verðjöfnunargjald og önnur slík lögskyld gjöld, samtals 33%, eru talin með í upphæðum gjalda þeirra, sem um ræðir í töflu I, þessarar gjaldskrár, nema á töxtum til húsahtunar, D-4.1 til 4.4.

Ýmis ákvæði.

Hækki innkaupsverð raforku er rafveitustjórn heimilt að hækka einingaverð þessarar gjaldskrár um 30% af þeirri hækkun. Fyrir hver 5% sem kaupgjald á Patreksfirði hækkar eða lækkar, er rafveitustjórn heimilt að hækka eða lækka gjaldskrána um 2%.

Hækkanir samkvæmt ofanrituðu eru þó því aðeins gildar, að heimild iðnaðar-ráðuneytisins sé fyrir hendi.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 14 frá 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 343 18. júní 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 1. apríl 1976.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Akraness.

Almennur vatnsskattur.

1. gr.

Af öllum húseignum í lögsagnarumdæmi Akraneskaupstaðar, sem virtar eru fasteignamati og liggja við vegi og opin svæði, þar sem vatnsæðar eru, skal greiða árlegan vatnsskatt, sem nemur 0.158% af framreiknuðu gildandi fasteignamati eignarinnar hverju sinni.

2. gr.

Vatnsskattur samkvæmt 1. gr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum um minnsta gjald á rúmmetra í byggingum á viðkomandi lóð:

Íbúðarhús	minnst 11.37 kr./m ³
Iðnaðarhús	— 2.75 —
Vörugeymslur	— 2.75 —
Allt annað húsnæði	— 11.37 —

Þessi lágmarksgjöld eru miðuð við fasteignamat 1970 og breytast í samræmi við það.

Aukavatnsskattur.

3. gr.

Auk vatnsskatts samkvæmt 1. gr., skal greiða aukavatnsskatt af húsum, er nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin eða af öðrum ástæðum.

Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt mæli eða áætlun vatnsveitunnar með kr. 4.12 fyrir hvern rúmmetra vatns. Fyrir önnur vatnsafnot en þau, er að framan eru talin, skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur samkvæmt ákvörðun vatnsveitunnar.

Önnur gjöld.

4. gr.

Greiða skal vatn sem selt er til skipa og báta í Akraneshöfn. Greiðsla skal vera kr. 78.40 fyrir hvern rúmmetra.